

**Nd.**

**341. Breytingartillaga**

við frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Síðari málsliður 1. greinar orðist svo:

Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til fyrirtækja, er ríkið stofnsetur í því skyni að skapa nýjar eða efla eldri framleiðslugreinar, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlúms, skipasmíði o. fl., sem landsmönnum eru nauðsynlegar til að auka atvinnulíf sitt og gera það sjálfstæðara.